



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

## Starf Flugklasans Air 66N 26. október 2023 – 17. apríl 2024

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

### Markaðssetning

Flugklasinn hefur tekið þátt ferðasýningum og vinnustofum eins og áður til að kynna nýjar flugleiðir. Mikil vinna hefur farið í að hvetja innlenda og erlenda ferðasöluáðila til þess að nýta nýja möguleika í flugi beint til Akureyrar.

Sýningar þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- World Travel Market í London 6.-8. nóvember.
- Mannamót 18. janúar.
- Summer Event á vegum Voigt Travel 21. janúar.
- ITB í Berlín 5. -7. mars.

Vinnustofur þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- 5 landa vinnustofa í Bretlandi í janúar.

Einnig tók Flugklasinn, ásamt Íslandsstofu, þátt í viðburði á vegum íslenska sendiráðsins í Bretlandi, sem haldinn var í London 11. janúar. Þangað var boðið fulltrúum ferðaskrifstofa og fjölmiðlum sem tengjast ferðaþjónustu. Tilfnið var nýtt áætunarflug easyJet frá London til Akureyrar í vetur. Á viðburðinum voru kynningar frá Íslandsstofu, Flugklasnum og fulltrúum easyJet, ásamt því að Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ráðherra ferðamála, var viðstödd og ávarpaði samkomuna. Viðburðurinn tókst mjög vel, var vel sóttur og mikilvægt skref til að koma þessari nýju flugleið betur á kortið í Bretlandi.

Móttaka blaðamanna er nú sem fyrr mikilvægur liður í starfi Flugklasans. Hér má sjá yfirlit yfir heimsóknir blaðamanna síðustu mánuði:

- Ed Grenby, blaðamaður Sunday Times, kom til Norðurlands í nóvember. Heimsóknin var unnin í samstarfi við breska ferðaskrifstofu sem þegar hefur hafið sölu á pökkum sem nýta flug easyJet.
- Flugklasinn tók þátt í undirbúningi og framkvæmd á blaðamannaferð frá Bretlandi í samstarfi við easyJet um miðjan janúar. Í ferðinni voru fulltrúar frá þremur stórum miðlum í Bretlandi, ásamt fulltrúum frá easyJet og easyJet Holidays. Ferðin gekk mjög vel og skilaði fínnum umfjöllunum.
- Flugklasinn skipulagði og tók þátt í undirbúningi að tveimur blaðamannaferðum frá Hollandi í samstarfi við Voigt Travel í febrúar. Mismunandi áherslur voru í þessum ferðum, önnur var að meginhluta til í austur frá Akureyri, en hin í vestur. Ferðirnar tókust vel og Voigt Travel ánægt með efnið sem þær skiluðu.
- Flugklasinn aðstoðaði hollenskan blaðamann og ljósmyndara sem komu hér yfir páskana. Ferðuðust frá Akureyri til Siglufjarðar og Skagafjarðar.
- Áhrifavaldurinn Chris Burkard kom til Norðurlands nýlega til að taka upp efni á skíðasvæðunum hér, einkum Hlíðarfjalli. Hann tók þátt í Skíðaferðinni árlegu og fór jafnframt í þyluskíðun. Heimsóknin undirbúin og framkvæmd með aðstoð samstarfsfyrirækja.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Flugklasinn tók virkan þátt í móttöku fulltrúa ferðaskrifstofa á tímabilinu (FAM ferðir)

- Flugklasinn tók á móti fulltrúum frá hollenskri ferðaskrifstofu í febrúar, sem heimsótti Norðurland til að kynna sér svæðið og þá þjónustu sem þar er að finna.
- Þann 10. apríl var haldin FAM ferð fyrir íslenskar ferðaskrifstofur, með áherslu á vetrarferðaþjónustu. Að þessu sinni voru heimsóttir ferðaþjónar á Akureyri og í Eyjafjarðarsveit. Ferðin var mjög vel sótt (19 þátttakendur) og tókst vel í alla staði. Ferðin var haldin í tengslum við Skíðaferðina, sem haldin er á hverju ári, og hópurinn tók þátt í henni líka.
- Þann 11. apríl var svo hin árlega Skíðaferð haldin, þar sem 4 skíðasvæði eru heimsótt á einum degi. Ferðin er haldin árlega og markmiðið er að vekja athygli á skíðasvæðunum á Norðurlandi og þeim möguleikum sem liggja þar fyrir aukna vetrarferðaþjónustu. Alls tóku um 50 manns þátt í ferðinni að þessu sinni, en í ferðina er boðið fulltrúum ferðaskrifstofa og öðrum sem tengjast vetrarferðaþjónustu á Norðurlandi.

Efnisframleiðsla var haldið áfram á tímabilinu. Bætt var við myndabankann, aðallega vetrarmyndir (50 stk). Einnig voru framleidd 2 ný jólamyndbönd í lok árs.

## Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Áþreifanlegasti árangurinn af starfi Flugklasans birtist í sívaxandi millilandaflugi um Akureyrarflugvöll. Síðasta vetur voru samtals 62 flugferðir með 150-190 sæta flugvélum frá þremur mismunandi áfangastöðum erlendis, auk 20 flugferða á milli AEY og KEF á vegum Ícelandair síðasta haust. Þessi aukna flugumferð gjörbreytir forsendum fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi til þess að starfa á heilsársgrunni og ýtir undir vörupróun og nýsköpun í vetrarferðaþjónustu.

Breska flugfélagið easyJet hóf áætlunarflug milli London og Akureyrar síðasta vetur. Fyrsta flug easyJet lenti á Akureyrarflugvelli 31. október og síðasta síðasta flug vetrarins fór héðan 30. mars. Flugið var tvisvar í viku á þriðjudögum og laugardögum og gekk flugið mjög vel og án nokkurra raskana. Sætanýting var mjög góð og er easyJet búíð að ákveða að fljúga sams konar áætlun næsta vetur.

Flugklasinn stóð fyrir samkomu, í samstarfi við Isavia, á Akureyrarflugvelli daginn sem fyrsta flugið lenti. Samkoman var mjög vel sótt, enda um að ræða gríðarlega stórt hagsmunamál fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi. Farþegar easyJet hafa ferðast víða um Norðurland og áhrifa þessa nýja flugs þegar farið að gæta.

Flugklasinn hefur unnið mjög þétt með easyJet í vetur að ýmsum verkefnum s.s. yfirlestur á markaðsefni, tengingar við ferðaskrifstofur og birgja og fleira slíkt. Einnig vinnur Flugklasinn markvisst að því að auka vitund ferðasöluaðila um þessa nýju flugleið og virkja ferðaskrifstofur til þess að nýta sér hana og bjóða upp á fleiri vörur/vörupakka á Norðurlandi. Þannig má smám saman auka hlutdeild Breta í flugunum, en um helmingur flugsætanna í vetur voru nýtt af Norðlendingum.

Til að styðja þessa vinnu var ráðgjafinn Chris Hagan ráðinn til aðstoðar við markaðssetningu á Bretlandsmarkaði. Chris hefur áratuga reynslu af störfum í ferðaþjónustu í Bretlandi, en jafnframt mikla þekkingu á Norðurlandi sem áfangastað, en hann kom á leiguflugum bresku ferðaskrifstofunnar Super Break á sínum tíma. Nature Direct verkefnið kostar að mestu aðkomu Chris, en hann vinnur náíð með Flugklasnum að markaðssetningu í Bretlandi.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Voigt Travel stóð fyrir 12 leiguflugum frá Amsterdam í vetur, og er það aukning frá síðasta vetri. Flogið var frá 20. janúar og fram í seinni hluta mars. Þessi flug hafa gengið vel og stefnt að því að halda þeim áfram næstu misseri. Þessi starfsemi Voigt Travel hefur haft mikil jákvæð áhrif á þróun vetrarferðaþjónustu á Norðurlandi og rutt brautina fyrir frekari aukningu þar. Flugklasinn hefur átt í góðu samstarfi við Voigt Travel sem fyrr, og unnið með þeim að ýmsum verkefnum til að auka eftirspurn. Dagana 23. og 24. nóvember hélt Voigt Travel, í samstarfi við Flugklasann, námskeið og vinnustofur fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi. Markmiðið var að styrkja tengsl, fræða um starfsemi Voigt Travel og auka þjónustugæði. Þann 22. janúar tók Flugklasinn þátt í viðburði í Hollandi á vegum Voigt Travel, og kynnti Norðurland og það sem svæðið hefur upp á að bjóða. Um miðjan febrúar átti Flugklasinn svo fund á Akureyri með fulltrúum Voigt Travel, sem voru í heimsókn á Norðurlandi til að skoða svæðið og ræða við birgja. Flugklasinn mun halda áfram góðu samstarfi með Voigt Travel.

Ferðaskrifstofan Kontiki í Sviss hóf leiguflug frá Zurich til Akureyrar í vetur. Alls var um að ræða 6 vikuleg leiguflyg í febrúar og mars og annaðist Edelweiss flugið. Þessi flug voru búin að vera í undirbúningi í nokkurn tíma og eru að nokkru leyti sett upp á svipaðan hátt og leiguflug Voigt Travel. Flugklasinn tók virkan þátt í undirbúningnum og átti gott samstarf við Kontiki. Í febrúar og mars átti Flugklasinn fundi með fulltrúum Kontiki, þar sem farið var yfir tímabilið og áætlanir framundan. Framkvæmdin gekk heilt yfir vel og Kontiki ánæggt með veturinn. Kontiki stefnir að svipaðri áætlun næsta vetur, sem er frábær viðbót fyrir vetrarferðaþjónustu á Norðurlandi.

Flugfélagið Edelweiss í Sviss mun halda uppi áætlunarflygi til Akureyrar frá Zurich næsta sumar. Flogið verður vikulega frá seinnihluta júní til seinnihluta ágúst. Flugklasinn hefur átt gott samstarf við Edelweiss og mun halda því áfram. Tengingin við Zurich er mjög áhugaverð, þar sem mjög auðvelt er að tengja Akureyri í einum miða við fjölmarga áfangastaði í mið- og suður Evrópu. Það nýtist afar vel, bæði til að fylla vélarnar til Akureyrar, en einnig fyrir heimafolk sem hefur með þessu aukna möguleika til tenginga út.

Icelandair hóf að nýju tengiflyg milli Keflavíkur og Akureyrar frá 15. október til enda nóvember. Um var að ræða 6 vikna tímabil til prufu, en ekki hefur verið tilkynnt um hvort eða hvenær þessu flygi verði haldið áfram.

Í viðbót við ofangreint er verið að vinna á fleiri mörkuðum að því að fá inn beint flug. Sú vinna tekur tíma en dropinn holar steininn og Flugklasinn mun halda áfram þeirri vinnu.

Flugklasinn hefur áfram unnið með Nature Direct hópnum, en Nature Direct er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands (Flugklasans) og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum. Þann 9. febrúar var haldin vinnufundur hópsins þar sem farið var yfir árangurinn hingað til og strengir saman strengir fyrir framhaldið. Framundan er flugráðstefnan Routes Europe í lok apríl, sem er einn besti vettvangurinn fyrir samtal flugfélaga og áfangastaða. Fulltrúar Nature Direct munu sækja ráðstefnuna.

## Innra starf

Flugklasinn (í gegnum Markaðsstofu Norðurlands) var aðili að stóru vöruþróunarverkefni í ferðaþjónustu sem heitir Straumhvörf og náði yfir allt Norður- og Austurland. Að verkefninu stóðu Austurbrú, MN, SSA, SSV og SSNE. Fulltrúi Flugklasans leiddi stýrihóps verkefnisins, sem fékk styrk frá Bygðastofnun. Tilgangur verkefnisins var að halda vinnustofur með ferðaþjónustufyrirtækjum og fulltrúum sveitarfélaga, þar sem aðaláhersla var á vöruþróun í ferðaþjónustu – sérstaklega m.t.t. aukins millilandaflugs til Akureyrar og Egilsstaða.

Haldnar voru vinnustofur á fjórum stöðum á Norður- og Austurlandi dagana 30. október – 2. nóvember. Í kjölfarið var boðið upp á eftirfylgni fyrir verkefni í vinnslu og fyrirtæki gátu svo bókað fundi á Teams með ráðgjöfum í janúar til að fá frekari handleiðslu. 8 aðilar nýttu þetta tækifæri og kynntu nýjar vörur í Ferðaþjónustuvikunni 17. janúar. Lokapunktur verkefnisins var svo kynning á breska markaðinum fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á Norður- og Austurlandi.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Ráðgjafinn Cris Hagan var með fyrirlestur á Teams og svaraði spurningum þátttakenda. Verkefnið tókst vel og var mikilvægt skref til þess að auka samvinnu, auka vöruframboð og gera áfangastaðinn áhugaverðari fyrir ferðamenn.

Framkvæmdir á flugvellinum ganga skv. áætlun. Búið er að taka nýja flughlaðið í notkun og jafnframt viðbygginguna við flugstöðina. Verið er að vinna að breytingum á eldri flugstöðvarbyggingu og gert ráð fyrir því að öllum framkvæmdum verði lokið í lok sumars.

Flugklasinn hefur lagt áherslu á að Isavia hraði vinnu við nýtt GPS aðflug úr suðri fyrir AEY. Slíkt aðflug myndi auka verulega öryggi og nýtingarmöguleika flugvallarins. Þessi vinna er í gangi hjá Isavia og vonandi næst að ljúka henni fyrir næsta vetur. Flugklasinn mun halda áfram að fylgja þessu máli eftir.

Óvissa ríkir um framtíð Flugklasans, þar sem samningar um fjármögnun renna út í árslok og ekkert í hendi um áframhaldandi fjármögnun. Af þessu tilefni bauð Flugklasinn kjörnum fulltrúum sveitarfélaga að sækja kynningarfund á Teams, þar sem farið var yfir starf Flugklasans hingað til og kynntar hugmyndir um starfið til framtíðar. Haldnir voru tveir sams konar fundir 27. og 28. febrúar svo fleiri ættu kost á því að sækja fund. Fundirnir voru hugsaðir sem upphaf samtals við sveitarfélögin um framtíð Flugklasans og þess starfs sem þar er unnið. Í framhaldinu mun Flugklasinn leita eftir beinu samtali við hvert sveitarfélag fyrir sig um þessi mál.

## Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru fram undan, og hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp annaðhvort leiguflug eða styðja við áætlunarflug beint til Akureyrar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.

Vinna með Nature Direct og þeim aðilum sem eru að standa fyrir flugi mun halda áfram. Vinna með easyJet mun áfram verða fyrirferðamikil og mun Flugklasinn leggja áherslu á að easyJet auki framboð sitt á flugi í framtíðinni. Flugklasinn hefur hug á að vinna að frekari vöruþróun, byggt á árangri af verkefninu Straumhvärfum, enda er vöruþróun nauðsynlega til að efla frekar áfangastaðinn Norðurland. Flugklasinn mun einnig fylgjast með framgangi mála í uppbyggingu Akureyrarflugvallar og halda áfram að veita aðhald þar.

Flugklasinn mun leita eftir samtali við sveitarfélög á Norðurlandi um framtíð Flugklasans og þeirrar vinnu sem þar hefur verið unnin undanfarin ár. Vonir standa til þess að hægt verði að taka ákvörðun um fyrirkomulag Flugklasavinnunnar og fjármögnun hennar til framtíðar sem fyrst.

Akureyri, 17. apríl 2024

Hjalti Páll Þórarinsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N